



FJÖLMÍÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík 19. desember 2023
Mál nr. 2023-240 / 0.4

Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026.

1.

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. desember 2023, þar sem Fjölmiðlanefnd er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026, 511. mál.

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt sé að nota hana á öllum sviðum íslensks samfélags.

„Jákvætt viðhorf til íslensku í miðlum, menningu og listum skiptir miklu máli. Fjölmiðlar og efnisveitur, leiklist, ritlist og tónlist eru máttarstólparnir í miðlun á íslensku, bæði á frumsömdu efni og þýddu. Þar eru óþrjótandi tækifæri til nýsköpunar í máli og tilbrigða í málsniði og stíl og jafnframt til þess að viðhalda þekkingu á eldri birtingarmyndum málsins.“ Þetta er meðal þess sem fram kemur í endurskoðaðri málstefnu Íslenskrar málnefndar sem birt var á vef nefndarinnar í september 2021, eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu þeirri sem hér um ræðir. Í endurskoðaðri málstefnu segir enn fremur: „Líklega hefur aldrei verið jafnmikil fjölbreytni og jafnmikið framboð á menningarlegu efni í gegnum ólíka miðla og nú. Í ljósi þess hve mikilvæg þessi svið eru fyrir stöðu íslensku, ekki síst til mótnar á viðhorfum til málsins, þurfa allir sem sinna hvers kyns miðlun að vera meðvitaðir um þátt sinn í að efla tungumálið.“



FJÖLMIDLANEFND

Fjölmiðlanefnd tekur undir þessi sjónarmið og fagnar því að fram sé komin tillaga í aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023-2026 um að gerð verði greining á umfangi og möguleikum fyrir aukna talsetningu og textun myndefnis á íslensku, með áherslu á börn og ungmenni og heyrnar- og sjónskerta. Textun er jafnframt mikilvæg fyrir þá íbúa sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Verði það gert með það fyrir augum að setja á laggirnar sjóð sem styrki talsetningu og textun, svo sem á vegum framleiðenda, fjölmiðlaveitna og kvikmyndahúsa.

Undir þessari aðgerð er Fjölmiðlanefnd tiltekin sem mögulegur samstarfsaðili við verkefnið. Fjölmiðlanefnd lýsir yfir vilja til að taka þátt í þeirri vinnu.

2.

Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Í 1. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveitur skuli eftir því sem við á efla íslenska tungu. Fjölmiðlar sem miðli hljóði og texta á íslensku skuli í því skyni marka sér málstefnu. Í 2. mgr. sömu greinar segir að hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Ef brotið er gegn 29. gr. laga um fjölmiðla skal Fjölmiðlanefnd leggja stjórnvaldssekt á fjölmiðlaveitu, sbr. i-lið 1. mgr. 54. gr. laganna. Ef sakir eru miklar skulu ábyrgðarmaður, starfsmenn fjölmiðlaveitu eða stjórnarmenn sem framkvæma eða láta framkvæma brot gegn 29. gr. laga um fjölmiðla sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Ljóst er því að löggjafinn lítur það alvarlegum augum ef fjölmiðlaveitur sinna ekki skyldu sinni til að talsetja eða texta hljóð- eða myndefni á erlendu máli yfir á íslensku. Er það og í samræmi við það sem áður segir um mikilvægi þess að fjölmiðlar séu meðvitaðir um þátt sinn í því að efla íslenska tungu.

3.

Eins og fram kemur í umfjöllun í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni um 9. aðgerð aðgerðaáætlunarinnar, hafa íslenskir fjölmiðlar, sem texta og talsetja efni á íslensku, bent á að ákvæði laga um fjölmiðla um vernd íslenskrar tungu séu íþyngjandi vegna kostnaðar sem af því hlýst. Eru þau sjónarmið í samræmi við þau sem fram komu í skýrslu nefndar um rekstarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, sem skipuð var af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2016 og skilað var til ráðherra í janúar 2018.¹ Nefndin lagði til að einkareknir fjölmiðlar

¹ [Rekstrarumhverfi fjölmiðla_25. janúar 2018.pdf \(stjornarradid.is\)](#)



FJÖLMÍÐLANEFND

sem falla undir gildissvið laga um fjölmiðla gætu sótt um endurgreiðslur til að mæta kostnaði af lögbundinni textun og talsetningu yfir á íslensku.

Í greinargerð Fjölmiðlanefndar til mennta- og menningarmálaráðherra sem unnin var í kjölfar útgáfu skýrslu nefndarinnar um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla og gefin var út í ágúst 2018, voru gerðar tillögur að nánari útfærslu stuðnings við fjölmiðla við textun og talsetningu, þ.e. að hann gæti verið annað hvort í formi endurgreiðslu tiltekins hlutfalls af kostnaði eða sem styrkir. Umfjöllun um útfærsluna er að finna í 6. kafla greinargerðarinnar.² Fjölmiðlanefnd bendir á að líta megi til hennar við mótun 9. aðgerðar áætlunarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Fjölmiðlanefnd er reiðubúin að mæta á fund til allsherjar- og menntamálanefndar til að fara yfir framangreinda umsögn verði þess óskað.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,

Þóra Jónsdóttir
lögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri

² Rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla - Greinargerð Fjölmiðlanefndar - ágúst 2018